

# Icelandair hótel Reykjavík Natura hlýtur umhverfisverðlaun Ferðamálastofu 2014



REYKJAVÍK  
NATURA  
Icelandair Hotels



Icelandair hótel Reykjavík Natura hefur hlotið umhverfisverðlaun Ferðamálastofu fyrir árið 2014 en eitt af hlutverkum Ferðamálastofu er að hvetja til ábyrgðar í umhverfismálum innan ferðaþjónustunnar.

Verðlaunin voru í nú veitt í 20. sinn og afhenti ferðamálaráðherra Ragnheiður Elín Árnadóttir verðlaunin á fjölmennu ferðamálaþingi í Hörpu. Er Icelandair hótel Reykjavík Natura talið hafa skarað fram úr í ár og uppfylla með þrýði öll viðmið til umhverfisverðlaunanna. Hótelinu vinnur markvisst og metnaðarfullt starf í þágu bæði umhverfis- og samfélags og stendur afar vel að kynningu á umhverfisstarfinu. Mörg umhverfisverkefni Reykjavík Natura eru talin frumleg og framsýn eins og til dæmis vistvænar strætóferðir innanbæjar hótelgestum að kostnaðarlausu og þá býður hótelinu eingöngu upp á umhverfisvænar snyrtivörur fyrir hótelgesti.

Icelandair hótel Reykjavík Natura hófst handa við að öðlast umhverfsvottun 2011 og var veitt ISO 14001 vottun í júní árið 2012, fyrst allra hótela á Íslandi. Brynhildur segir árangurinn af umhverfisstarfinu hafa bæði verið mikinn og góðan og hrósar hún starfsfólki sínu fyrir frábæran árangur. Segir hún að náttúran sé starfsfólki Reykjavík Natura hugleikin en hótelinu er staðsett mitt í náttúru Reykjavíkur við Öskjuhlíðina og Nauthólsvíkina. „Hótelinu var endurnýjað árið 2011 og bæði við nafnabreytinguna og alla hönnun var litið til þess að tengja hótelinu við nærumhverfi sitt og að gestir finni að þeir séu í náttúruvænu umhverfi sem minnir á aðalsmerki Íslands náttúruna, en kannanir sýna að flestir þeir sem ferðast til Íslands koma vegna hennar. Það er því gríðarlegur hagur fyrir hótel að stunda umhverfisvæna ferðamennsku“ segir Brynhildur.



Á myndinni má sjá Brynhildi Guðmundsdóttur hóteltjóra 3. frá hægri ásamt stoltu starfsfólki sínu á Icelandair hótel Reykjavík Natura.



## Icelandair Hotels

[www.icelandairhotels.com](http://www.icelandairhotels.com)